



Evrópuyfirlýsing um geðheilbrigðismál Leitað lausna á brýnum verkefnum

Inngangur

1. Við, heilbrigðisráðherrar í aðildarríkjum Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), að viðstöddum forstöðumanni stjórnardeildar ESB um heilsu- og neytendavernd ásamt svæðisstjóra Evrópudeildar WHO, á ráðherrastefnu WHO um geðheilbrigðismál sem haldin var í Helsinki 12.–15. janúar 2005, staðfestum að góð geðheilsa og andleg vellíðan sé undirstaða lífsgæða og framleiðni meðal einstaklinga, fjölskyldna, samfélaga og þjóða, og geri fólk fært um að finna tilgang með lífinu og vera virkir og skapandi þjóðfélagsþegnar. Við teljum að meginmarkmiðið í geðheilbrigðismálum sé að stuðla að vellíðan fólks og starfshæfni með því að beina sjónum að styrkleika þess og getu, auka sveigjanleika og leggja áherslu á utanaðkomandi forvarnarþætti.

2. Við vekjum athygli á að áhersla á geðheilbrigði, sem og forvarnarstarf, meðferð, umönnun og endurhæfing vegna geðrænna vandamála, eru forgangsverkefni hjá WHO og aðildarríkjum þess, Evrópusambandinu (ESB) og Evrópuráðinu, eins og fram kemur í ályktunum Alþjóðaheilbrigðisþingsins og stjórnar WHO, Evrópunefndar WHO og ráðs Evrópusambandsins. Með þessum ályktunum eru aðildarríkin, WHO, ESB og Evrópuráðið hvött til að gera ráðstafanir til að draga úr þeim vanda sem geðræn vandamál skapa og stuðla að góðri geðheilsu.

3. Við minnumst skuldbindingar okkar gagnvart ályktun EUR/RC51/R5 um Aþenuyfirlýsinguna um geðheilbrigði, hörmungar af manna völdum, fordóma og félagslega þjónustu og ályktun EUR/RC53/R4 sem Evrópunefnd WHO samþykkti í september 2003, þar sem vakin er athygli á því að ekki hefur dregið úr sjúkdómum af geðrænum toga í Evrópu og að margt fólk með geðræn vandamál fái ekki þá meðferð og umönnun sem það þarfnast, þrátt fyrir framfarir á þessu sviði. Evrópunefndin mæltist til þess við svæðisstjóran:

- að málefni á sviði geðheilbrigðis yrðu sett í forgang þegar starfi í tengslum við áætlunina um „heilbrigði allra“ yrði hrint í framkvæmd;
- að haldin yrði ráðherrastefna um geðheilbrigðismál Evrópu í Helsinki í janúar 2005.

4. Við vekjum athygli á ályktunum sem styðja aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum. Ályktun EB109.R8 sem stjórn WHO samþykkti í janúar 2002, og Alþjóðaheilbrigðisþingið sem haldið var í maí 2002 studdi með ályktun WHA55.10, hvetur aðildarríki WHO til að:

- samþykkja tillögur sem koma fram í *skýrslu Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar 2001*;



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

- innleiða stefnu í geðheilbrigðismálum, áætlunum og löggjöf sem byggist á þeirri þekkingu sem er fyrir hendi og almennum mannréttindum, í samráði við alla viðkomandi aðila á geðheilbrigðissviði;
- auka fjárveitingar til geðheilbrigðismála, bæði innan einstakra landa sem og til tvíhliða og fjölþjóðlegs samstarfs, sem lið í velferðarkerfi þjóðanna.

5. Ályktanir ráðs Evrópusambandsins, tillögur Evrópuráðsins og ályktanir WHO allt aftur til ársins 1975 viðurkenna bæði mikilvægi þess að efla geðheilbrigði og hin skaðlegu tengsl milli geðrænna vandamála og félagslegrar einangrunar, atvinnuleysis, húsnæðisleysis og áfengis- og vímuefnaneyslu. Við tökum undir mikilvægi ákvæða í Sáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis, Samningi um réttindi barnsins, Evrópusamningi um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingum, Félagsmálasáttmála Evrópu, sem og skuldbindingu Evrópuráðsins á sviði geðverndarmála sem lögð hefur verið aukin áhersla á í Yfirlýsingu ráðherrastefnu um geðheilbrigði til framtíðar (Stokkhólmi 1985) og með öðrum tillögum á þessu sviði sem samþykktar hafa verið, einkum tillögu R(90)22 um geðvernd innan tiltekinna viðkvæmra hópa í samfélaginu og tillögu Rec(2004)10 um að fólk með geðtruflanir njóti almennra mannréttinda og haldi reisu sinni.

Umfang

6. Okkur er ljóst að víða í Evrópu eru ýmsir þættir stefnumótunar og þjónustu á geðheilbrigðissviði að taka breytingum. Kappkostað er að þessi málaflokkur njóti jafnræðis í samfélaginu og að þess sé gætt að þörfinni sem er fyrir hendi sé mætt með úrræðum sem felast í ýmiss konar geðverndarstarfsemi sem miðast við þjóðina í heild sinni, áhættuhópa og einstaklinga með geðræn vandamál. Þjónusta sé veitt á ýmsum stöðum innan sveitarfélaga, en ekki einungis á stórum og einangruðum stofnunum. Við teljum að þetta sé nauðsynleg og rétt stefna. Við fögnum því að stefna og starf í geðheilbrigðismálum nái nú til eftirfarandi þátta:

- i. að stuðlað sé að geðheilbrigði allra;
- ii. að unnið sé gegn fordómum, mismunun og félagslegri einangrun;
- iii. að reynt sé að fyrirbyggja geðræn vandamál;
- iv. að fólk með geðröskun fái umönnun, því sé veitt heildstæð og virk þjónusta og aðstoð og þjónustuþegum og umönnunaraðilum¹ gefinn kostur á að vera með í ráðum um úrræði;
- v. að þeir sem hafa átt við alvarlega geðröskun að stríða nái bata og aðlagist samfélaginu á ný.

Forgangsmál

7. Byggja þarf á stefnuskrá um endurbætur og nútímavíðhorf á Evrópusvæði WHO, draga lærdóm af sameiginlegri reynslu og sýna sérstöðu einstakra landa skilning. Við teljum að næsta áratuginn séu helstu forgangsmál eftirfarandi:

¹ Hugtakið „umönnunaraðili“ er notað hér um skyldmenn, vin eða einhvern annan sem kemur óformlega að umönnunarstörfum.



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

- i. að stuðla að skilningi á mikilvægi góðrar geðheilsu;
- ii. að takast sameiginlega á við fordóma, mismunun og ójafnræði, og hvetja og styðja fólk með geðraskanir sem og fjölskyldur þess til að taka virkan þátt í því starfi;
- iii. að móta og innleiða samþætt og skilvirkt heildarkerfi í geðheilbrigðismálum sem nær til kynningarstarfs, forvarna, meðferðar og endurhæfingar, umönnunar og bata;
- iv. að mæta þörfinni á hæfu starfsfólki sem sé skilvirkt á öllum sviðum;
- v. að viðurkenna að við skipulagningu og þróun geðheilbrigðisþjónustu sé mikilvægt að byggja á reynslu og þekkingu þjónustuþega og umönnunaraðila.

Aðgerðir

8. Við styðjum þá fullyrðingu að góð geðheilsa sé undirstaða góðs heilsufars. Geðheilbrigði er undirstöðuatriði hvað varðar mannauð og félagslega og efnahagslega innistæðu þjóða og því ætti að leggja áherslu á það sem óaðskiljanlegan og nauðsynlegan lið á öðrum almennum sviðum, svo sem í mannréttindamálum, félagsþjónustu og menntunar- og atvinnumálum. Við, ráðherrar á sviði heilbrigðismála, skuldbindum okkur þess vegna, samkvæmt stjórnskipulagi og ábyrgðarsviði í hverju landi, til að viðurkenna þörfina fyrir heildarstefnu á sviði heilbrigðismála, byggja á bestu vitneskju og til að vinna að aðferðum og leiðum til að þróa, innleiða og efla slíka stefnu í viðkomandi löndum. Þessi stefna, sem miðar að því að fólk með geðræn vandamál njóti andlegrar vellíðunar og sé þátttakendur í samfélaginu, krefst aðgerða á eftirfarandi sviðum:

- i. efla þarf góða geðheilsu á landsvísu með aðgerðum sem miða að því að skapa skilning og jákvæðar breytingar til handa einstaklingum og fjölskyldum, samfélaginu og hópum innan þess, skólum og vinnustöðum, og stjórnvöldum og innlendum stofnunum;
- ii. gæta þarf að þeim áhrifum sem allar opinberar stefnur kunna að hafa á geðheilbrigðismál, einkum með tilliti til viðkvæmra hópa, og sýna fram á hve geðheilbrigði er mikilvægt við uppbyggingu á heilbrigðu og arðbæru samfélagi fyrir alla;
- iii. vinna þarf bug á fordómum og mismunun, tryggja almenn mannréttindi og innleiða viðeigandi lög sem gera fólki með geðröskun eða sem er í áhættuhópi kleift að taka fullan þátt í samfélaginu á jafnréttisgrundvelli;
- iv. gefa þarf kost á hnitmiðuðum stuðningi og íhlutun í samræmi við það lífsskeið sem um er að ræða í áhættuhópum, einkum við uppeldi og menntun barna og unglunga og umönnun aldraðra;
- v. þróa þarf og innleiða aðferðir til að draga úr þeim afleiðingum geðraskanana sem hægt er að koma í veg fyrir, samverkandi orsökum og sjálfsvígum;
- vi. byggja þarf upp getu og hæfni heimilislækna og almennrar heilsugæslu, með samstarfi við sérhæfðar þjónustuveitur, jafnt á læknisfræðilegu sviði sem öðrum sviðum, til að veita fólki með geðræn vandamál aðgang að aðstoð, greiningu og meðferð sem skilar árangri;
- vii. veita þarf einstaklingum sem haldnir eru alvarlegum geðröskunum virka og víðtæka umönnun og meðferð á ýmsum stöðum og á þann veg að persónulegar óskir þeirra séu virtar og tryggt sé að þeir verði hvorki fyrir vanrækslu né misþyrmingu;
- viii. koma þarf á samstarfi, samræmi og sameiginlegri forystu meðal svæða, landa, starfsstétta og stofnana sem koma að geðheilbrigðismálum og félagslegri þátttöku einstaklinga, fjölskyldna og samfélagshópa;
- ix. móta þarf störf, menntun og kennsluáætlanir til að ekki skorti hæft þverfaglegt starfsfólk;



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

- x. meta þarf geðheilsu og þarfir þjóða, tiltekinna hópa og einstaklinga þannig að hægt sé að gera samanburðarrannsóknir á landsvísu sem og alþjóðavísu;
- xi. leggja þarf fram nægilegar fjárveitingar til að hægt sé að ná þessum markmiðum;
- xii. hefja þarf rannsóknir og mat á stuðningi og koma ofan nefndum aðgerðum á framfæri.

9. Við vekjum athygli á mikilvægi og knýjandi nauðsyn þess að takast á við þessi verkefni og finna lausnir sem byggjast á bestu vitneskju. Við samþykkjum því Evrópsku aðgerðaáætlunina í geðheilbrigðismálum og styðjum að hún verði innleidd á Evrópusvæði WHO, og að hvert land móti stefnu hennar að eigin þörfum og úrræðum. Okkur ber einnig að sýna samstöðu á svæðinu og miðla kunnáttu, bestu starfsháttum og sérfræðipækkingu.

Ábyrgð

10. Við, heilbrigðisráðherrar í aðildarríkjum Evrópudeildar WHO, skuldbindum okkur til að styðja innleiðingu eftirfarandi aðgerða, í samræmi við stjórnskipulag og stefnu viðkomandi landa og þarfir á landsvísu og innan héraðs- eða sveitarfélaga, aðstæður og efni:

- i. að efla löggjöf og stefnumótun í geðheilbrigðismálum þar sem starfsemi á þessu sviði er stöðluð og lögð er áhersla á mannréttindi;
- ii. að samræma ábyrgð innan stjórnsýslunnar á framsetningu, dreifingu og innleiðingu á stefnu og lögum sem varða geðheilbrigði;
- iii. að meta hvaða áhrif aðgerðir stjórnvalda hafa á almennt geðheilbrigði;
- iv. að útrýma fordómum og mismunun og efla félagslega þátttöku með því að auka skilning almennings og veita áhættuhópum stuðning;
- v. að bjóða fólki með geðraskanir að velja eða hafa áhrif á þá umönnun sem það á kost á og hæfir þörfum þeirra og aðstæðum;
- vi. að endurskoða og, ef nauðsyn krefur, innleiða löggjöf um jafnrétti fyrir alla;
- vii. að leggja áherslu á geðheilbrigði í námi og starfi, í félagsstörfum og við aðrar viðkomandi aðstæður með því að auka samstarf milli stofnana sem fara með heilbrigðismál og annarra viðkomandi aðila;
- viii. að koma í veg fyrir áhættuþætti, til dæmis með því að stuðla að því að starfsumhverfi þróist á þann veg að stuðlað sé að geðheilbrigði og hvetja til þess að fólk sem hefur sigrast á geðrænum sjúkdómum fái stuðning í starfi og geti sem fyrst snúið aftur til vinnu sinnar;
- ix. að vinna að forvörnum gegn sjálfsvígum og orsökum skaðlegrar streitu, ofbeldis, þunglyndis, kvíða og áfengis- og vímuefnaneyslu;
- x. að viðurkenna og leggja áherslu á mikilvægi almennrar heilsugæslu og heimilislækna og gera þá hæfari til að axla ábyrgð á sviði geðheilbrigðismála;
- xi. að móta þjónustu á vegum sveitarfélaga fyrir fólk með alvarlegar geðraskanir sem komi í stað vistunar á stórum stofnunum;
- xii. að leggja áherslu á aðgerðir sem koma í veg fyrir ómannúðlega og vanvirðandi meðferð;
- xiii. að auka samvinnu milli stofnana sem veita umönnun og stuðning, svo sem á sviði heilbrigðismála, félagslegrar aðstoðar, húsnæðismála og mennta- og atvinnumála;
- xiv. að setja geðheilbrigðismál á námsskrá hjá öllum heilbrigðisstéttum og móta áframhaldandi fagmenntun og þjálfun fyrir starfsfólk í geðheilbrigðisgeiranum;



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

- xv. að hvetja til sérhæfingar meðal starfsfólks í geðheilbrigðisgeiranum svo að það geti tekist á við sérþarfir tiltekinna hópa, svo sem barna og unglinga, aldraðra og þeirra sem eiga við langvarandi og alvarlegar geðraskanir að stríða;
- xvi. að leggja fram nægilegar fjárveitingar til geðheilbrigðismála, í ljósi þeirra erfiðleika sem sjúkdómar skapa, og sjá til þess að fjármunir sem renna í þann málaflokk verði greinanlegur hluti heildarútgjalda til heilbrigðismála í því skyni að jöfnuður náist gagnvart öðrum geirum á þessu sviði;
- xvii. að þróa eftirlit með góðri geðheilsu og geðrænum vandamálum, þar með talið áhættuþáttum og sjúklegri hegðun, og fylgjast með útfærslu á því;
- xviii. að veita heimild til rannsóknar þegar og ef þekkingu eða tækni þrýtur og kynna niðurstöður.

11. Við styðjum frjáls félagasamtök sem starfa á sviði geðheilbrigðismála og hvetjum til stofnunar frjálsra félagasamtaka og samtaka þjónustuþega. Við fögnum einkum félagasamtökum sem starfa á eftirfarandi sviðum:

- i. skipuleggja starf þeirra sem vilja þróa eigin starfsemi, svo sem með því að stofna til og reka sjálfshjálparhópa og annast hjálfun og endurhæfingu;
- ii. styðja viðkvæma og einangraða einstaklinga og gæta hagsmuna þeirra;
- iii. halda uppi þjónustu innan sveitarfélaga með þátttöku þjónustuþega;
- iv. þróa hæfni og getu fjölskyldu og viðkomandi aðila til að sinna umönnun, og gera þá virka í áætlunum á því sviði;
- v. leggja fram áform um að uppeldisstarf, menntun og umburðarlyndi fái aukið vægi og takast á við áfengis- og vímuefnavanda, ofbeldi og glæpi;
- vi. byggja upp staðbundna þjónustu sem kemur til móts við þarfir jaðarhópa í samfélaginu;
- vii. reka neyðarlínur og ráðgjöf á netinu fyrir einstaklinga sem eru í hættu staddir vegna ofbeldis eða sjálfsvígshugsana;
- viii. skapa fötluðum einstaklingum atvinnutækifæri.

12. Við biðjum framkvæmdastjórn ESB og Evrópuráðið að stuðla að því að þessari Evrópuyfirlýsingu WHO á sviði geðheilbrigðismála verði hrint í framkvæmd, með þeim hætti sem þau hafa umboð til.

13. Við skorum á svæðisstjóra Evrópuvæðingar WHO að gera ráðstafanir á eftirfarandi sviðum:

(a) Samvinna

i. hvetja til samstarfs á þessu sviði við stjórnsýslustofnanir, þar á meðal framkvæmdastjórn ESB og Evrópuráðið.

(b) Heilbrigðisupplýsingar

- i. veita aðildarríkjunum stuðning við þróun eftirlits með geðheilbrigði;
- ii. vinna að samanburðarupplýsingum um ástand og framfarir í geðheilbrigðismálum og geðheilbrigðisþjónustu í aðildarríkjunum.



HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

(c) Rannsóknir

- i. koma á tengslaneti geðheilbrigðisstofnana sem býður upp á alþjóðlega samvinnu, vandaðar rannsóknir og skoðanaskipti fræðimanna;
- ii. vinna að og dreifa upplýsingum um bestu starfshætti, með tilliti til siðferðilegra sjónarmiða varðandi geðheilbrigði.

(d) Þróun stefnumála og þjónustu

- i. styðja stjórnvöld með því að veita sérfræðiálit sem rennir stoðum undir skilvirka stefnu í geðheilbrigðismálum hvað lýtur að löggjöf, þjónustuskipulagi, áherslu á góða geðheilsu og forvarnarstarfi gegn geðrænum vandamálum;
- ii. bjóða aðstoð við að koma á kennsluáætlunum fyrir starfsfólk;
- iii. eiga frumkvæði að skiptiáætlunum fyrir þá sem vinna að umbótum;
- iv. veita aðstoð við framsetningu á rannsóknarstefnu og umfjöllunarefnum;
- v. hvetja til skiptistarfsemi með því að koma upp tengslaneti fyrir forsvarsmenn og opinbera starfsmenn í lykilhlutverki við umbætur á þessu sviði í viðkomandi löndum.

(e) Stuðningsstarf

- i. veita upplýsingar og fylgjast með stefnumálum og starfsemi sem stuðlar að mannréttindum og félagslegri þátttöku fólks með geðraskanir og dregur úr fordómum eða mismunum;
- ii. veita þjónustuþegum, umönnunaraðilum og frjálsum félagasamtökum stuðning og hvatningu með upplýsingagjöf og samræma starfsemi landanna;
- iii. veita aðildarríkjum aðstoð við að þróa upplýsingaveitu sem kemur þjónustuþegum á geðheilbrigðissviði til góða.
- iv. gera alþjóðleg samskipti á þessu sviði aðgengilegri fyrir helstu opinberu stofnanir og frjáls félagasamtök innan sveitarfélaga;
- v. veita fjölmiðlum, frjálsum félagasamtökum og öðrum áhugasömum hópum og einstaklingum hlutlausar og réttar upplýsingar.

14. Við förum fram á að Evrópuskrifstofa WHO geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þróun og innleiðing geðheilbrigðisstefnu hljóti fullan stuðning og að starfsemi og áætlanir sem uppfylla kröfur þessarar yfirlýsingar verði settar í forgang og fái nægt fjármagn.

15. Við skuldbindum okkur til að gera WHO grein fyrir framvindu mála við innleiðingu þessarar yfirlýsingar í viðkomandi löndum á milliríkjafundi sem haldinn verður eigi síðar en 2010.